



Reykjavík, 16. apríl 2025
MSS24110044

SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eva Pandora Baldursdóttir, deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Better City for Children-verkefnið

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 38. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fyrir hvað nákvæmlega þjónustu- og nýsköpunarsvið fékk fyrstu verðlaun í “Seoul Smart City Prize” fyrir árið 2024? Einnig er óskað upplýsinga um hversu mikið af því sem verðlaunað var fyrir er nú þegar komið í fulla notkun fyrir börn og unglinga í skólakerfum borgarinnar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 11. nóvember 2024.

Svar:

Fyrirspurnin var lögð fram á fundi stafræns ráðs þann 27. nóvember 2024, sbr. 10. lið fundargerðar ráðsins s.d. þar sem stafrænt ráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg hlaut, í október sl., Seoul Smart City Prize 2024 verðlaunin, í flokknum Tech InnovaCity fyrir verkefnið, Betri borg fyrir börn. Verðlaunin voru veitt fyrir hvernig þjónustubreyting með nýju kerfi einfaldaði umsóknarferlið til muna, tryggði örugg samskipti og bætti samskipti milli forelda, kennara og sérfræðinga til muna. Þá var pappírsumsóknunum skipt út fyrir stafræna lausn sem stuðlaði að mun skilvirkari þjónustu. Að auki var tiltekið hvernig stofnun lausnarteyma sem vinna með snemmtæka íhlutun skilaði betri þjónustu við börn í borginni. Þjónustan er í dag mun skilvirkari og ánægja notenda hefur aukist. Í dag eru starfrækt lausnarteymi innan allra skóla en innleiðing þess er hluti af Betri borg fyrir börn verkefninu sem og sú tæknilega lausn sem þjónustu-umbreytinga verkefnið skilaði. Innleiðing á tæknilegu lausninni sem er stafræn persónumappa barns mun hefjast í janúar 2025 og er heildstætt samskipta kerfi sem smíðað var til að sinna þjónustunni og umsóknir berast í gegnum stafræn umsóknarferli inn á reykjavik.is. Nánari upplýsingar um þjónustuna er hægt að nálgast inn á reykjavik.is.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið telur ekki ástæðu til að bæta frekar við framangreinda bókun.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Eva Pandora

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar